

Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Grýtubakkahrepps 2024 - 2028

Inngangur

Samkvæmt lögum um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020 skulu sveitarstjórnir að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að gerð verði áætlun þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafni meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum. Ný og endurskoðuð áætlun skal lögð fyrir til samþykktar í sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, hún rædd árlega í sveitarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum.

Jafnréttisnefnd

Félags- og jafnréttisnefnd Grýtubakkahrepps fer með störf jafnréttisnefndar samkvæmt samþykkt um stjórn Grýtubakkahrepps nr. 514/2013.

Jafnréttisstefna

Það er stefna Grýtubakkahrepps að vinna gegn allri mismunun, að tryggja jafnan rétt óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, fötlunar, trúar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar eða lífsskoðunar. Grýtubakkahreppur leggur áherslu á velferð allra, jöfn tækifæri, vellíðan á vinnustað og vellíðan íbúa. Jafnréttisstefna Grýtubakkahrepps nær til allrar starfsemi Grýtubakkahrepps, hvort sem um er að ræða Grýtubakkahrepp sem vinnustað eða þjónustuveitanda og stjórnvald, og þar með allra stofnana og þjónustu sem hann veitir. Kjörnum fulltrúum, nefndarfólki, stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins ber að fara eftir jafnréttisstefnunni og vinna að framgangi hennar.

Jafnréttisstefna Grýtubakkahrepps byggir á:

- Lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum.
- Lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.
- Lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisstefnan tekur einnig mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Jafnréttisáætlun

Til að framfylgja jafnréttisstefnunni hefur Grýtubakkahreppur sett sér aðgerðaáætlun til að ná jafnréttismarkmiðum sínum. Jafnréttisáætlun Grýtubakkahrepps tekur til stjórnkerfis, þjónustu og starfsmannamála sveitarfélagsins og markmið hennar eru að stuðla að jafnri stöðu allra íbúa Grýtubakkahrepps og að vinna gegn hvers kyns mismunun.

Launajafnrétti

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að allt starfsfólk sveitarfélagsins óháð kyni eða öðrum þáttum fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Viðhalda og bæta stöðugt stjórnun vottaðs jafnlaunakerfis sem innleitt og skjalfest hefur verið, í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins.	Sveitarstjóri	Alltaf
	Vottunaraðili gerir úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Grýtubakkahrepps.	Sveitarstjóri	Árlega
	Að sveitarfélagið sé með jafnlaunavottun.	Framkvæma launagreiningu einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni.	Sveitarstjóri og stjórnendur

Laus störf

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að laus störf standi öllum opin óháð kyni eða öðrum þáttum.	Atvinnuauglýsingar séu kynhlutlausar og öll hvött til að sækja um.	Stjórnendur	Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar.

Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun standi öllu starfsfólki jafnt til boða	Gera könnun á meðal starfsfólks um endurmenntun og símenntun.	Stjórnendur	Að hausti ár hvert
	Hvetja allt starfsfólk til að sækja námskeið/fræðslu til að auka hæfni sína og færni í starfi.	Stjórnendur	Alltaf
	Taka starfsþróunarsamtöl.	Stjórnendur	Einu sinni á ári

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Fjölskylduvænir vinnustaðir þar sem starfsfólki er gert kleift eins og unnt er að samræma starf og fjölskyldulíf.	Reyna að hafa vinnutíma fyrirsjáanlegan og sveigjanlegan.	Stjórnendur	Alltaf
	Tryggja réttindi foreldra af öllum kynjum til að nýta sér rétt til fæðingarorlofs og umönnunar barna í veikindum.	Stjórnendur	Alltaf
	Reyna að tryggja hæfilegt starfsálag og verkefni við hæfi.	Stjórnendur	Alltaf
	Gera hnitmiðaðar viðhorfskannanir.	Stjórnendur	Annað hvert ár

Einelti, kynbundið ofbeldi og áreitni

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Hvers konar ofbeldi, áreitni og einelti er ekki liðið.	Gera viðbragðsáætlun sem unnið er eftir ef slík mál koma upp og kynna hana fyrir öllu starfsfólki sveitarfélagsins. Allt starfsfólk sveitarfélagsins fái fræðslu um kynbundið ofbeldi og einelti með t.d. fyrirlestrum, námskeiðum eða öðrum fræðsluviðburðum.	Sveitarstjóri og stjórnendur Stjórnendur	Fyrir lok ársins 2024 Annað hvert ár

Kynjasambætting

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Jafn réttur kynjanna í öllum stefnum, áætlunum og starfi sveitarfélagsins.	Kjörnir fulltrúar fái fræðslu um kynjasambættingu í áætlanagerð og stefnumótun. Gæta kynjasambættingar í allri áætlanagerð og stefnumótun.	Sveitarstjóri Sveitarstjóri og sveitarstjórn.	Í upphafi hvers kjörtímabils Alltaf

Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynjahlutfall í nefndum og ráðum sé sem jafnast.	Vinna eftir ákveðnu verklagi við skipun í nefndir og ráð, í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Leiðrétta kynjahalla í nefndum og ráðum sé hann til staðar og því verður við komið.	Sveitarstjóri og sveitarstjórn Sveitarstjóri	Í upphafi hvers kjörtímabils Alltaf

Fjölmenning

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Taka vel á móti nýjum íbúum. Vinna markvisst að því að fólk sem flytur í sveitarfélagið samlagist samfélaginu.	Gera móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna. Setja saman fjölmenningsarteymi sem aðstoðar íbúa af erlendum uppruna við að samlagast samfélaginu. Bjóða reglulega upp á óformlega fundi með íbúum af erlendum uppruna til að búa til vettvang fyrir samtali og ábendingar á báða bóga.	Sveitarstjóri Sveitarstjóri Fjölmenningsarteymi og sveitarstjóri	Fyrir árslok 2024 Fyrir árslok 2024 Reglulega

Eftirfylgni

Jafnréttisáætlun skal rædd árlega í sveitarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum. Farið er yfir stöðu verkefna og skoðað hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Vinnan skal vera markviss svo að raunverulegur árangur náist í jafnréttismálum. Heimilt er að breyta þessari áætlun án fyrirvara ef ástæða þykir til, t.d. vegna breytinga á gildandi lögum og reglugerðum.

**Jafnréttisáætlun Grýtubakkahrepps var samþykkt á fundi sveitarstjórnar
þann 3. júní 2024.**